

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998 - 2018, íbúðarbyggð að Hólshúsum, Eyjafjarðarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. apríl 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 frá 14. október 2002.

Breytingin felst í því að 28,9 ha landbúnaðarsvæði í landi Hólshúsa, Eyjafjarðarsveit verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. apríl 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.